



Alþingi
Erindi nr. P 133 / 163
komudagur 20.11.2006

Nefndasvið Alþingis - landbúnaðarnefnd
Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2006
Tilvísun: HI06100117/004

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. október s.l., þar sem háskólaráði Háskóla Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum (189. mál).

Fjallað var um málið á fundi háskólaráðs 16. nóvember sl. og eftirfarandi samþykkt.

Af hálfu Háskóla Íslands er þakkað fyrir þetta tækifæri til þess að koma á framfæri umsögn um ofangreint frumvarp, en meginefni þess fjallar um það að Hólaskóli verði gerður að háskóla er starfi á afmörkuðum sviðum landbúnaðar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við meginefni frumvarpsins, en áhersla er lögð á að íslenska háskólastigið fylgi allt sömu viðmiðum um gæði. Það er lykilatriði við að tryggja trúverðugleika háskólastarfs á Íslandi að allir háskólar hér á landi lúti einum og sömu efnisreglum um viðurkenningu og mat á starfsemi. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um það að Hólaskóli – og Landbúnaðarháskóli Íslands – muni sækja um viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006. Mikilvægt er að þessir háskólar, sem stjórnskipulega falla undir annað ráðuneyti en menntamálaráðuneyti, lúti efnisreglum þeim sem fram koma í lögum um háskóla. Þetta skiptir máli skólanna sjálfra vegna, m.a. með hliðsjón af ákvæðum Lissabonsamningsins um viðurkenningu á menntun og hæfi að því er varðar æðra skólastig á Evrópusvæðinu. Þar er kveðið á um það að stjórnvöld í hverju aðildarríki samningsins tryggi gæði menntunar og veiti fullnægjandi upplýsingar m.a. um gæði æðri menntunar, aðferðir og viðmið við gæðamatið og þær æðri menntastofnanir sem tilheyra menntakerfi þeirra.

Jákvætt er að gert skuli ráð fyrir að háskólaráð Háskóla Íslands tilnefni fulltrúa í háskólaráð Hólaskóla. Sú skipan eflir tengsl og samstarf innan háskólastigsins. Annað mikilvægt atriði er að Hólaskóli, ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands, eigi fullgilda aðild að samstarfsnefnd háskólastigsins.

Töluvert samstarf er og hefur verið á milli Háskóla Íslands og Hólaskóla. Með lagabreytingunni er formlegur grundvöllur samvinnu styrktur.

Virðingarfyllt
f.h. háskólarektors

Þórður Kristinnsson
sviðsstjóri kennslusviðs